



Reykjavíkurborg  
Þjónustu- og nýsköpunarsvið

Reykjavík 30. janúar 2020

Innkauparáð Reykjavíkurborgar  
Borgartúni 12-14  
105 Reykjavík


**Útboð nr. 14705 um tæknilega þjónustu við fundi borgarstjórnar Reykjavíkur**

Tilboð í ofangreindu útboði var opnað þann 17. janúar sl. og skiluðu tvö fyrirtæki inn tilboði. Yfirferð tilboða var unnið af Þjónustu- og nýsköpunarsviði (ÞON).

Við mat á tilboðum var litið til verðtilboðs í samræmi við skilmála útboðsgagna. Að mati ÞON voru boðnar lausnir fullnægjandi. Bæði verðtilboðin reyndust lægri en kostnaðaráætlun. Hámarkssamningstími er níu ár og er uppsagnarfrestur 6 mánuðir á samningstímanum. Kostnaðaráætlun var 55.800.000 kr. án vsk. fyrir níu ár. Lægra tilboðið er 34.131.600 kr. án vsk. fyrir níu ár, sem er 61,7% af kostnaðarmati.

ÞON leggur til við Innkauparáð að samið verði við fyrirtækið Skjáskot ehf. um verkefnið, á grundvelli þess að tilboð þeirra var lægst. Fyrirtækið stóðst allar kröfur útboðsgagna.

Virðingarfyllst,

  
Hugrún Ósp Reynisdóttir  
Teymisstjóri verkefnastofu Stafrænnar Reykjavíkur  
Þjónustu- og nýsköpunarsvið